SÝSLUMENN

# Beiðni um að sýslumaður staðfesti samning um forsjá stjúpforeldris

skv. 29. gr. a. barnalaga nr. 76/2003

Veljið embætti

Berist til sýslumanns í umdæmi þar sem barn/börn eiga lögheimili.

| **Barn/börn sem erindið varðar:** | |
|---|---|
| Fullt nafn: | Kennitala: |
| Fullt nafn: | Kennitala: |

| **Forsjársforeldri barnsins/barnanna:** | | |
|---|---|---|
| Fullt nafn: | Kennitala: | Netfang: |
| Lögheimili: | Póstnúmer og staður: | Sími / Símar: |

| **Stjúpforeldri barnsins/barnanna:** | | |
|---|---|---|
| Fullt nafn: | Kennitala: | Netfang: |
| Lögheimili: | Póstnúmer og staður: | Sími / Símar: |

| **Forsjárslaust foreldri barnsins/barnanna:** | | |
|---|---|---|
| Fullt nafn: | Kennitala: | Netfang: |
| Lögheimili: | Póstnúmer og staður: | Sími / Símar: |

**Forsjársforeldri og stjúpforeldri lýsa yfir:**

Við undirrituð forsjárforeldri og stjúpforeldri barnsins/barnanna erum sammála um að vera sameignlega með forsjá framangreinds barns / framangreindra barna á grundvelli 29. gr. a í barnalögum nr. 76/2003.
Við óskum eftir að sýslumaður staðfesti samninginn og hann öðlist þar meö gildi.

- ◯ Við erum í hjónabandi
- ◯ Við erum í óvígðri sambúð sem hefur verið skráð hjá Þjóðskrá Íslands í meira en ár, sjá meðfylgjandi vottorð Þjóðskrár Íslands.

| **Fylgiskjöl:** | ☐ Vottorð um óvígða sambúð, útgefið af Þjóðskrá Íslands (ef við á). |
|---|---|

| **Yfirlýsing og undirritun forsjárforeldris og stjúpforeldris:** | |
|---|---|
| Við undirrituð höfum kynnt okkur neðangreindar upplýsingar um sameiginlega forsjá forsjárforeldris og stjúpforeldris. | |
| Staður og dagsetning: | Undirskrift forsjárforeldris: |
| Staður og dagsetning: | Undirskrift stjúpforeldris: |

**Samningur um sameiginlega forsjá foreldris og stjúpforeldris.**

Samkvæmt 29. gr. a í barnalögum 76/2003 (BL) getur **foreldri sem fer eitt með forsjá** barns síns, gert samning við maka sinn um sameiginlega forsjá barnsins. Þetta er heimilt ef foreldri og stjúpforeldri eru í hjónabandi eða í sambúð, enda hafi skráð sambúð samkvæmt Þjóðskrá Íslands staðið samfleytt í eitt ár eða lengur. Samningur um sameiginlega forsjá stjúpforeldris öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns. Leita skal umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns áður en samningur er staðfestur.

Foreldri og stjúpforeldri sem vilja gera slíkan samning leggja fram skriflegt erindi um það hjá sýslumanni. Með umsókninni þarf að fylgja sambúðarvottorð ef við á. Hægt er að sækja um það rafrænt þar, sjá www.skra.is

Erindið er kynnt forsjárlausu foreldri og því gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Síðan eru málshefjendur boðaðir í viðtal hjá sýslumanni vegna málsins. Ef tilefni er til getur sýslumaður boðið aðilum málsins ráðgjöf samkvæmt 33. gr. BL eða sáttameðferð samkvæmt 33. gr. a. Einnig getur sýslumaður við meðferð málsins óskað umsagnar sérfræðings í málefnum barna sbr. 74. gr. BL.

Sýslumaður getur hafnað að staðfesta samning um forsjá ef hann þykir andstæður hag og þörfum barns. Hægt er að kæra úrlausn sýslumanns til dómsmálaráðuneytis innan tveggja mánaða frá dagsetningu hennar.

**Réttaráhrif samnings foreldris og stjúpforeldris um sameiginlega forsjá:**

Stjúpforeldri ber, eftir gerð samningsins, forsjárskyldur gagnvart barninu, sameiginlega með foreldri, sjá um inntak forsjár reglur V. kafla BL.

Ef foreldri og kynforeldri skilja eða slíta sambúð, fara þau áfram með sameiginlega forsjá barnsins en þurfa að ákveða hjá hvoru þeirra barn hefur lögheimili,sjá nánar 31. gr. BL. Ef ágreiningur rís milli foreldris og stjúpforeldris um skipan forsjár eða lögheimilis við skilnað og ekki nást sættir, er skorið úr þeim ágreiningi fyrir dómi, sjá 34. gr. barnalaga.

Umgengni stjúpforeldris eftir skilnað eða sambúðarslit fellur undir reglur barnalaga í 46. gr. a um umgengni barns við aðra en foreldra.

Um framfærsluskylda stjúpforeldris við barn fer samkvæmt 2. mgr. 53. gr.:
„Skylt er stjúp- og sambúðarforeldri að framfæra stjúpbarn sitt svo sem eigið barn þess væri meðan hjúskapur eða sambúð stendur, ef það fer með forsjá þess skv. 29. gr. a. Hið sama á við ef stjúp- eða sambúðarforeldri fer með forsjá barns eftir skilnað eða sambúðarslit ef annað kynforeldra barns er látið.“

Barnalög eru á vef Alþingis www.althingi.is á slóðinni: http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003076.html

Vefur sýslumanna: www.syslumenn.is